

Atvinnumálaráðstefna – AUÐLINDIN AUSTURLAND – 4.-7. nóvember 2013

Á Hótel Hallormsstaður 5. nóv. kl. 9:30. Samgöngur á Austurlandi 2050:
Trausti Valsson. Prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands

Aukin umsvif á Austurlandi munu kalla á miklar samgöngubætur

Fyrir einum til tveimur áratugum horfði mjög illa um framtíðarhorfur á Austurlandi. Fjórðungurinn hafði lengi setið eftir t.d. í samgöngubótum og fólki fækkaði mjög. Fljótsdalsvirkjun og bygging álvers á Reyðarfirði og. vegabætur sem tengdust þessu, stöðvaði þessa óheillaþróun.

Árið 1996 var mér undirrituðum, boðið að halda erindi á Aðalfundi SSA um erfiða stöðu fjórðungsins. Nefndi ég erindið „Austurland og nýting auðlindanna – Þjóðarbúsins þriðja stoð“. Ég benti á að alveg frá Húsavík, austur um land og til Vestmanneyja – á um helmingi strandlengju landsins – væri lítið um öflugar hafnir og byggð í hættu. Því væri höfuðnaðsyn að tryggja að Austurland, sem er í miðju þessu svæði, héldi velli, og ekki aðeins það, heldur þyrfti Austurland að þróast sem hin þriðja stoð byggðarinnar í landinu, en hinar stoðirnar eru SV-hornið og Mið-Norðurland. Ég benti á að Austurland hefði síðast tengst öðrum landshlutum með vegum og að í tillögu að Svæðisskipulagi Miðhálandisins væri Austurland eini landshlutinn þar sem ekki væri gert ráð fyrir tengingu með hálandisvegi. Þegar þetta skipulag var auglýst 1997, eyddum við Birgir Jónsson öllu sumarfríinu í að skrifa 184 bls. bók „Ísland hið nýja“, til að vara við skipulaginu sem lagði miklar hömlur á framkvæmdir á hálandinu. M.a. gerir skipulagið ekki ráð fyrir hálandisvegi frá Sprengisandsleið til Austurlands. Með gerð Háslóns kom hinsvegar mjög góður vegur hálfa leiðina og vantar nú aðeins um 80km tengingu þaðan yfir á Sprengisandsleið. Vatnajökulsvegur mundi stytta leiðina Egilsstaðir-Reykjavík um meira en 200km. Vegna þessarar gífurlegu styttingar væri auðvelt að klára þennan veg í einkaframkvæmd því vegtollur mætti allnokkur því bílstjórar spöruðu það mikið á þessari styttingu. Þegar þessi vegur væri kominn mundi innlendum og erlendum ferðamönnum á SV-horninu til Austurlands fjölga geysilega m.a. vegna möguleika á mörgum nýjum hringleiðum.

Um 1975 hóf ég undirritaður að vinna að gerð skipulags fyrir landið allt; landsskipulags, og hef skrifað um það sex bækur. Landsskipulagstillaga mín inniheldur t.d. hugmyndir um hálandisvegakerfi þar sem Austurland tengist Sprengisandsvegi með vegi norðan Vatnajökuls, eins og skýrt var áðan. Stórt skref í þróun hálandisveganna gerðist árið 2001 þegar, í fyrsta sinn gerð tillaga um þá í samræmdri Samgönguáætlun, en í þeirri áætlun er kerfi samgangna á sjó, í lofti og landi eru samþætt. Var áætlunin samþykkt af Alþingi sem Samgönguáætlun fyrir 2003-2014, og hefur lítið breyst í seinni samþykktum þingsins. Hérna eru fjórir hálandisvegir gerðið að stofnvegum í vegakerfinu, en enginn slíkur stofnvegur er hinsvegar sýndur til Austurlands, vegna þess að svæðisskipulagið gerði ekki ráð fyrir honum. En árið 2015 mun þetta svæðisskipulag falla úr gildi, en í dag fara sveitarfélögin ein með skipulagsréttinn. Vegna þess er í svokallaðri landsskipulagsstefnu, sem Svandís Svavarsdóttir lagði fyrir Alþingi, stuttu fyrir þinglok í vor, sett fram hugmynd sem ætlað er að framlengja líftíma skipulag miðhálandisins. Tillaga Svandísar komst, sem betur fer, ekki til umræðu né

afgreiðslu fyrir lok þingsins. Nú er bara að vona að nýr Umhverfisstjórnari leggi ekki tillögu Svandísar fyrir að nýju, því endurnýjuð tillaga um skipulagi miðhálandisins, mundi gera mjög erfitt að fá veg norðan Vatnajökuls samþykktan.